

Miðvikudaginn 6. febrúar 1985.

Nr. 229/1984. **Ákærvaldið**

(ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Inga Árnasyni

(Páll A. Pálsson, hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. maí 1984, en ákærði vildi una dóminum.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og tími ökuleyfissviptingar lengdur.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Lögreglumenn stöðvuðu ákærða á svonefndum Upphéraðsvegi skammt sunnan við Gunnlaugsstaði í Suður-Múlasýslu kl. 14.15 laugardaginn 30. júlí 1983. Þegar ákærði kom fyrir sakadóm Sauðárkróks 5. apríl 1984, skýrði hann svo frá, að hann hefði drukkið eitthvað af áfengi kvöldið áður en lögreglumennirnir stöðvuðu hann, en ekki fundið til neinna áfengisáhrifa um morguninn, áður en hann hóf aksturinn. Ákærði rengdi ekki niðurstöðu hraðamælingar lögreglumannanna, þótt hann teldi sig ekki hafa ekið jafn hratt og mælingin sýndi. Hann véfengdi ekki, að alkóhólmagn í blóði sínu hefði verið 0,80‰.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sætti ákærði 2.000,00 króna sekt með dómsátt í sakadómi Sauðárkróks hinn 9. júlí 1982 og ökuleyfissviptingu í 3 mánuði frá sama degi að telja fyrir ölvun við akstur. Þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða

ökuréttindum ævilangt frá birtingu héraðsdóms 14. maí 1984 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Ingi Árnason, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 14. maí 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 8.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 9. apríl 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. apríl, var í sakadómi Sauðárkróks, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 af Hilmarí Baldurssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1983: Ákærvaldið gegn Gunnari Inga Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 22. mars 1984 „Á hendur Gunnari Inga Árnasyni, Aðalgötu 10, Sauðárkróki fæddum þar í bæ 21. nóvember 1960, fyrir að aka, laugardaginn 30. júlí 1983 undir áhrifum áfengis bifreiðinni K-1197 frá Egilsstöðum áleiðis í Atlavík í Hallormsstaðarskógi, aka með 100 kílómetra hraða á klukkustund á upphéraðsvegi skammt sunnan Gunnlaugsstaða í Vallahreppi, en þar hafði lögreglan afskipti af akstri hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3.mgr. 25. gr. og 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1982 1/5 í A-Skaftafellssýslu: Sátt, 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1982 9/7 á Sauðárkróki: Sátt, 2.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr.
25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán.
frá 9/7 1982.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 30. júlí 1983 voru lögreglumenn frá vegalögregludeild lögreglunnar í Reykjavík við ratsjarmælingar á upphéraðsvegi í S-Múlasýslu. Mældu þeir þar hraða bifreiðarinnar K-1197 skammt sunnan við Gunnlaugsstaði í Vallahreppi. Reyndist hraðinn vera 100 km miðað við klukkustund. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, var vegna áfengisþefs, færður fyrir varðstjóra á lögreglustöðinni á Egilsstöðum og honum tekið blóð til alkóhólgreiningar.

Ákærði viðurkennir að hafa neytt áfengis og fundið til talsverðra áfengisáhrifa aðfaranótt laugardagsins 30. júlí. Rengir hann ekki heldur niðurstöðu ratsjarmælingar umrætt sinn.

Niðurstöður.

Með framburði kærða og öðrum gögnum málsins, þar á meðal niðurstöðu alkóhólgreiningar í blóði, sem sýndi alkóhólmagn í blóði kærða vera 0,80‰, telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru greinir og varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum með sátt, gerði á Sauðárkróki 9/7 1982, gert að greiða 2.000 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt kr. 12.000 í ríkissjóð, er greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en afplánist ella með 15 daga varðhaldi.

Samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 hefur sáttin frá 9. júlí 1982 ítrekunaráhrif á það brot ákærða, sem hér er til meðferðar. Ber því að svipta ákærða ökuleyfi í 14 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Ennfemur er ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Ingi Árnason, greiði sekt kr. 12.000 í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá birtingu dóm þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.